

Nr. 030 / 11 Tómas Þorvaldsson GK 10

Skipverji slasast á hendi

Skipaskr.nr. 1006
Smíðaður: Noregi 1966, stál
Stærð: 334 brl. 504 bt.
Mesta lengd: 47,74 m Skráð lengd: 44,74 m
Breidd: 8,2 m Dýpt: 6 m
Vél: Caterpillar 728 kW, 2001
Fjöldi skipverja: 14



Tómas Þorvaldsson©Alfons Finnsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 27. maí 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælsyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. mars 2011 var Tómas Þorvaldsson GK 10 á línuveiðum á SV miðum. Veður: SV 3 m/s, ölduhæð 2 m.

Skipverji var að vinna í lest og lyfta kari í fjórðu hæð og hélt um karið á efri brún þess. Þegar hann lyfti karinu varð langatöng hægri handar á milli þess og bita í loftinu með þeim afleiðingum að fingurinn bólgaði mikið en brotnaði ekki. Skipverjinn var óvinnufær um tíma.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.